

- 14** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjóð Þóru Thoroddsen,
7. febr. útgefin á venjulegan hátt að manatímum af dóms- og kirkjumálaráðherra
 7. febrúar 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir sjóð

Þóru Thoroddsen.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá frá Þóru Thoroddsen, sem er fædd Pjetursson, og manns hennar, dr. phil. Þorvalds Thoroddsen.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur fastra kennara við hinn almenna mentaskóla og við guðfræðisdeild Háskóla Íslands í Reykjavík og sje tekið tillit til efnahags þeirra, óuppkominn barna o. s. frv. Að öllu jöfnu skulu ættingjar eða ekkjur ættingja sjóðstofnenda fyrst og fremst koma til greina. Þó ná sjerrjettindi þessi aðeins til systkina sjóðstofnenda, ekkna þeirra og afkomenda í beinan líð, en sjerrjettindi þessi hverfa þegar 100 ár eru líðin frá dánardegi sjóðsstofnanda þess, sem lengur lifði, þ. e. eftir árið 2021. Þegar tímar líða og sjóðurinn vex, má einnig nota vextina til að styrkja rosknar (yfir 45 ára gamlar) ógiftar dætur embættismanna við hinn almenna mentaskóla og við aðra æðri skóla í Reykjavík, einnig má styrkja ekkjur annara embættismanna í Reykjavík; þó hafi áður taldar persónur að öðru jöfnu forrjettindi.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal úthlutað í upphæðum frá 200—400 krónur. Álíti sjóðsstjórnin að enginn eða of fáir umsækjendur sjeu þess verðugir að koma til greina, leggist vextirnir við höfuðstólinn. Venjulega er aðeins hægt að veita styrk 4—5 ár í senn, en þó er ekkert því til fyrirstöðu, að sama manneskja fái styrkinn aftur, ef sjóðstjórnin álitur engan verðugri eða frekar þurfandi meðal umsækjenda.

4. gr.

Sjóðurinn er undir yfirumsjón ríkisstjórnar Íslands og skipa stjórn hans þessir 3 menn: biskupinn yfir Íslandi, rektor hins almenna mentaskóla og prófessor í guðfræði við Háskólann í Reykjavík, kosinn af guðfræðisdeildinni.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er fje það, sem sjóðnum verður lagt út við skiftalok á búi sjóðsstofnanda, og skal upphæð sú síðar rituð á skipulagsskrána; höfuðstólinn ber ávalt að ávaxta samkvæmt fyrirmælum um ávöxtun á ómyndugra fje og síðar, þegar fje honum til aukningar verður handbært, annaðhvort við útdrátt skuldabryjefa eða vextir bætast honum, má leggja fje þetta inn í banka eða sparisjóð um stundarsakir, en annars skal kaupa fyrir það skuldabryjef, sem fullnægi kröfum um ávöxtun á ómyndugrafje. Á meðan á sjóðnum hvílir skylda um vaxtagreiðslu gagnvart þeim, sem njóta eiga vaxtanna og eru búsettir í Danmörku, skal þó höfuðstól þeim, sem nauðsynlegur er til þessa, vera komið fyrir í dönskum skuldabryjefum, er fullnægi kröfum þeim, sem gjörðar eru í Danmörku um ávöxtun á ómyndugrafje.

Aldrei má kaupa hlutabryjef eða lána fje einstökum mönnum af eignum sjóðsins.

Verðbryjef sjóðsins skulu ávalt hljóða á nafn hans, og skal stjórnarráð Íslands rita á þau, að þau verði ekki afhent.

6. gr.

Stjórnin skal árlega gjöra reikningsskil fyrir sjóðnum, og Stjórnarráð Íslands endurskoðar þau og birtir.

7. gr.

Sjóðurinn byrjar ekki starfsemi sína fyr en við andlát þjónustustúlku sjóðsstofnenda, Guðlaugar Hjálmarsdóttur; meðan hún lifir skal hún árlega fá 1000 krónur — eitt þúsund krónur — af vöxtum sjóðsins, en því, sem á þessu tímabili þá verður umfram af vöxtum árlega, skal skift á þá leið, að frú Kirstín Halldórsson, fædd Guðjohnsen, nú til heimilis í Reykjavík, fái tvo þriðju hluta og frú Ulla Lundbeck, fædd Kapel, til heimilis í Kaupmannahöfn, fái einn þriðja hluta. Deyi annarhvor síðastnefndra vaxtanjótenda áður sjóðurinn byrjar starfsemi sína, skulu vextir þeir, sem henni voru ætlaðir, leggjast við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn við andlát Guðlaugar Hjálmarsdóttur tekur til starfa, skal greiða fyrirfram frú Kirstínu Halldórsson og frú Ulla Lundbeck, fæddri Kapel, hinna fyrri 400 krónur — fjögur hundruð krónur — og þeirri síðari 200 krónur — tvö hundruð krónur — árlega af tekjum sjóðsins á meðan þær lifa. Það er skylda sjóðsstjórnarinnar að greiða lífeyri þenna á þeim stöðum á Íslandi eða utan Íslands og á þeim tímum, sem lífeyrisnjótendur kunna að óska.

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir tekið til starfa, skal — án þess þó að skerða vaxtaupphæðir þær, sem ætlaðar eru frú Kirstínu Halldórsson og frú Ulla Lundbeck,

- 14** fæddri Kapel, — einn fjórði hluti vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en það, 7. febr. sem þá er eftir af vöxtunum, skal farið með samkvæmt því, sem fyr segir.

9. gr.

Sjóðnum ber að annast útgjöld við sómasamlegt viðhald á grafreit Pjeturs Pjeturssonar biskups í Reykjavík, og er sjóðsstjórninni falið að annast þetta.

- 15** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóð Kvenfjelags- 24. febr. ins „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. febrúar 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagskrá

fyrir

sjúkrasjóð kvenfjelagsins „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður Kvenfjelagsins Einingin“.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Kvenfjelaginu „Einingin“ í Borgarfjarðarhreppi, og er að upphæð kr. 400.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, sem heimili eiga í Borgarfjarðarhreppi, en ekki má, nema alveg sjerstaklega standi á, veita styrk úr sjóðnum þeim, er þyggja fátækrastryk úr hreppssjóði eða standa í skuld fyrir óendurgoldinn sveitarstryk .

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu allir vextir og gjafir, er sjóðnum innhendast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 1000.00 kr.